



Reykjavíkurborg
skrifstofa borgarstjórnar

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1056
komudagur 16.2.2012

Reykjavík, 14. febrúar 2012
R12020017

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar.

Við er til erindis frá Alþingi þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar sem nú liggur fyrir Alþingi. Frumvarp sama efnis var lagt fyrir 139. löggjafarþing án þess að vera afgreitt og er frumvarpið lagt fram að nýju lítillega breytt. Óskað var að nýju eftir umsögnum skipulags- og byggingarsviðs og borgarminjavarðar um frumvarpið, en ekki hafa orðið efnislegar breytingar frá því það var síðast til meðferðar.

Í umsögn borgarminjavarðar eru fyrri athugasemdir ítrekaðar við 15. gr. um skráningu og skil á gögnum, þar sem m.a. er fjallað um yfirumsjón Minjastofnunar á skráningu fornleifa, 16. gr. um skráningu vegna skipulagsgerðar og undirbúnings framkvæmda, 22. gr. um friðhelgun og merkingar auk 31. gr. um friðlýst hús og mannvirki.

Í umsögn skipulags- og byggingarsviðs er að meginstefnu til fjallað um það ákvæði 16. gr. sem fjallar um skráningu vegna skipulagsgerðar og óskað er eftir því að skýrgreint verði hvort ákvæðið eigi einungis við um óbyggð svæði sem taka á undir byggð eða hvort skylda sé að ráðast í slíka skráningu á vettvangi þegar landnotkun er breytt í eldri byggð. Jafnframt er fjallað um óskýrleika í þeim ákvæðum sem varða ábyrgð á skipulagsgerð og kostnað við skráningu.

Tekið er undir þær athugasemdir sem fram koma hjá skipulags- og byggingarsviði og borgarminjaverði. Lagt er til að borgarráð samþykki fyrirbyggjandi umsagnir þeirra.

Helga B. Laxdal

Hjálagt:

Umsögn borgarminjavarðar dags. 10. febrúar 2012.

Umsögn skipulags- og byggingarsviðs dags. 13. febrúar 2012.



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Borgarminjavörður

Frumvarp til laga um menningarminjar.

Óskað er umsagnar um frumvarp til laga um menningarminjar sem nú liggur fyrir Alþingi, þskj. 370, 316. mál. Reykjavíkurborg hefur áður gefið umsögn um frumvarpið, eins og það lá þá fyrir. Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkur sendi umsögn þann 13. maí og borgarminjavörður sendi viðauka við umsögnina þann 20. maí 2011. Ekki hafa orðið efnislegar breytingar á frumvarpinu en þó hefur orðalag verið skýrt í einstaka greinum eða málsgreinar felldar niður. Að einhverju leyti hefur verið tekið tillit til fyrri athugasemda en þó skulu ítrekaðar fyrri athugasemdir eftirfarandi greinar.

15. gr. Skráning og skil á gögnum.

Þar segir að Minjastofnun hafi yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja. og skal halda heildarskrá og birta þannig að upplýsingarnar verði aðgengilegar í miðlægum gagnagrunni. Þá er Minjastofnun heimilt "að fela tilteknum einstaklingum eða stofnunum er búa fyrir sérþekkingu og reynslu á sviði skráningar, .. afmörkuð könnunar og skráningarstörf fyrir stofnunina." Enn skal bent á að sveitarfélögum er tryggður sjálfstjórnarréttur "eftir því sem lög ákveða" samkvæmt 78. gr. stjórnarskránnar og samkvæmt því hafa sveitarfélög rétt á að skipa þeim málum sem sveitarfélag á að annast á þann hátt er hentar best á hverjum stað. Þannig hlýtur Reykjavíkurborg að hafa rétt á að ráð hverjum hún felur skráningu menningarminja sem borgin á sannarlega að kosta.

Mikilvægt er að Minjastofnun verði tryggð aðstaða og fjármagn til að sinna sínu hlutverki, varðandi skráningu menningarminja, m.a. vegna skyldu til að miðla upplýsingum úr fornleifa- hús- og mannvirkjaskrá, sbr. 17. og 52. gr. frumvarpsins. Jafnframt er mikilvægt að þessar skrár verði samtengdar þeim gagnagrunnum sem þegar eru reknir, s.s. miðlægum gagnagrunni um mannvirki, sbr. 61. gr. laga nr. 161/2012 um mannvirki. Ekki er kveðið á um það í endurskoðuðu frumvarpi en bent skal á að slíkt ákveðið verði sett í reglugerð ef það er ekki talið eiga heima í lögum.

16. gr. Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda.

Samkvæmt 16. gr. er skylt að láta skrá menningarminjar vegna skipulagsgerðar og framkvæmda. Skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Orðalag varðandi skráningu vegna skipulagsgerðar hefur verið breytt þannig að skýrar er nú hvers er krafist varðandi skráningu menningarminja fyrir

hvort skipulagsstig, aðal- og deiliskipulag. Í fyrri athugasemd var bent á að nauðsynlegt væri að gera greinarmun á þeirri skráningu menningarminja sem Minjastofnun sér um og þeirri sem sveitarfélögum er gert að kosta vegna skipulagsgerðar. Það hefur að því leyti verið gert að nú er tekið fram að ríkissjóður skuli bera kostnað af fornleifaskráningu sem fer fram innan þjóðlendu. Þetta er til bóta.

22. gr. Friðhelgun og merkingar

Ítrekað er það sem kom fram í viðauka við fyrri umsögn varðandi 100 metra friðhelgi lýðlýstra minja:

Gerð er athugasemd við að ákvæðið, sem getur illa átt við í borgarumhverfi, þar sem ekki er gerður greinarmunur á því hvort friðlýstar minjar eru innan byggðar eða a víðavangi. Telja verður að svo stórt verndarumhverfi verði á stundum illa komið fyrir í þétu borgarumhverfi. Þó fram komi að Minjastofnun geti heimilað framkvæmdir innan friðhelgaðs svæðis kemur ekki skýrt fram hver skuli bera kostnað af því ef hætta þarf við framkvæmdir sem fyrirhugaðar hafa verið innan verndarsvæðis. Þetta þarf að vera ótvírætt.

31. grein. Friðlýst hús og mannvirki.

Í fyrri umsögn var gerð athugasemdi við að ekki væri nægilega skýrt hvenær um væri að ræða leyfis skylda framkvæmd. Fyrstu málsgrein hefur verið breytt þannig að nú er sagt að "óheimilt sé að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án **vitundar** Minjastofnunar", þar sem áður stóð **án leyfis**. Síðar í málsgrein er kveðið á um að **leita skuli álits og ef til þarf leyfis**. Þetta er í raun enn óljósara og þarf að kveða upp úr með það hvort **leyfis (eða samþykkis)** Minjastofnunar þarf til **allra breytinga á friðlýstu húsi eða mannvirki**. Í næstu málsgrein er talað um **framkvæmd sem þarf leyfi til**, en ekki er ótvírætt hvort það á við leyfi Minjastofnunar eða e.t.v. byggingaleyfi skv. lögum um mannvirki.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir



Reykjavík 13.febrúar 2012

Viðtakandi: Skrifstofa borgarstjórnar
Sendandi: Skipulags- og byggingarsvið

Frumvarp til laga um menningarminjar lagt fyrir 140. löggjafarþing

Óskað er umsagnar um frumvarp til laga um menningarminjar sem nú liggur fyrir Alþingi, þskj.370, 316. mál. Sama mál var lagt fyrir 139. löggjafarþing en var ekki afgreitt. Skipulags- og byggingarsvið sendi umsögn um þáverandi frumvarp 13. maí 2011. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju lítillaga breytt.

Skipulags- og byggingarsvið leggur áherslu á eftirfarandi varðandi hið endurskoðaða frumvarp:

Í 16.gr. frumvarpsins er kveðið á um að samhliða vinnu við aðalskipulag hvers sveitarfélags skuli liggja fyrir upplýsingar sem gefa greinargóða mynd af menningarminjum innan sveitarfélags. Minjasafn Reykjavíkur mun annast slíka skráningu fyrir Reykjavíkurborg. Jafnframt er kveðið á um að þegar landnýtingaráform samkvæmt aðalskipulagi liggja fyrir sé skylt að skráning fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja fari fram á vettvangi á þeim svæðum sem fyrirhugað er að nýta sem atvinnu- eða íbúðasvæði áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út.

Til bóta er að nú er talað um friðuð og friðlýst hús og mannvirki þar sem áður var bara talað um hús og mannvirki. Sömuleiðis horfir til betri vegar að ekki er lengur vísað til svæðisskipulags í samræmi við ábendingar skipulags- og byggingarsviðs frá fyrra ári. Skipulags- og byggingarsvið óskar hins vegar enn eftir því að skýrgreint verði nánar hvort ákvæðið eigi einungis við um óbyggð svæði sem taka á undir byggð eða hvort skylda sé að ráðast í slíka skráningu á vettvangi þegar landnotkun er breytt í eldri byggð.

Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að sé sem beri ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skuli standa straum af kostnaði við skráninguna. Ekki er skýrt við hvaða aðila er átt þegar vísað er til þess sem ábyrgð ber á skipulagsgerð. Samkvæmt skipulagslögum er það sveitarstjórn sem ber ábyrgð á og annast gerð aðal- og deiliskipulags. Aftur á móti getur landeigandi eða framkvæmdaraðili óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Í ljósi ofangreinds er nauðsynlegt að skýrgreina það betur hvort það er sveitarfélagið eða landeigandinn sem skal standa straum af kostnaði við skráningu í þessum tilfellum. Vakin var athygli á þessu í fyrri umsögn sviðsins.

Skipulags- og byggingarsvið gerði athugasemdir við það í fyrri umsögn sinni að í 30.gr.frumvarpsins kæmi ekki skýrt fram skuldbindingargildi lögbundins álits/umsagnar Minjastofnunar sem leita skal ef aðilar hygðast breyta mannvirki sem heyrir undir þá lagagrein, flytja það eða rífa. Nú liggur ljóst fyrir í hinu endurskoðaða frumvarpi að í byggingarleyfi skuli taka tillit til skilyrða sem Minjastofnun leggur til í álitinu sínu og hefur því óvissu verið eytt að þessu leyti.

Að öðru leyti er tekið undir fyrirbyggjandi umsögn borgarminjavarðar dags. 16. febrúar sl., einkum hvað varðar 22.gr. (friðhelgun og merkingar) og 31.gr. (friðlýst hús og mannvirki) frumvarpsins

Virðingarfyllst,

Einar Örn Thorlacius
yfirlögfræðingur skipulags- og byggingarsviðs